# FUNDARGERÐ

**1. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps**
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , fimmtudaginn 11. desember 2014**
**og hófst hann kl. 15:15.**

**Fundinn sátu:**
Egill Sigurðsson, Karl Ölvisson, Elín Grétarsdóttir, Nanna Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson (fundagerð), Haraldur Eiríksson, Þorgils Torfi Jónsson, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Sigdís Oddsdóttir, Yngvi Karl Jónsson og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir. Renate Hannemann boðaði forföll.

**Dagskrá:**

**1. 1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

Nú eru liðin ríflega 12 ár frá því að þrjú sveitarfélög af fjórum í vestanverðri Rangárvallasýslu sameinuðust í sveitarfélagið Rangárþing ytra. Hið nána samstarf sem áður var hefur haldið áfram milli Rangárþings ytra og Ásahrepps með margvíslegum samningum. Í slíku samstarfi er mikilvægt að meta með ákveðnu millibili hvernig til hefur tekist og hvort eitthvað megi betur fara. Á þessum tímapunkti hafa því sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps ákveðið að taka til endurskoðunar öll samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Flestir samstarfssamningar milli Rangárþings ytra og Ásahrepps eru frá því um sameiningu eða fyrir þann tíma og mikilvægt að taka þá til endurskoðunar í ljósi reynslunnar. Markmið þessarar endurskoðunar er að meta árangur og gera þetta samstarf skýrara og árangursríkara. Eins er markmiðið að greina hvort færi séu til að efla og auka samstarfið enn frekar báðum aðilum til hagsbóta.

Lagt er til að hvor sveitarstjórn skipi þrjá menn í sérstaka viðræðunefnd sem fari yfir alla samstarfsfleti og komi fram með tillögur að endurnýjuðum samstarfssamningi. Stefna ber að því að tillögur liggi fyrir ekki síðar en 1. mars 2015.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30**

# FUNDARGERÐ

**2. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 13. apríl 2015 og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**
Haraldur Eiríksson, Þorgils Torfi Jónsson, Egill Sigurðsson, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Yngvi Karl Jónsson, Sigdís Oddsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Brynja Jóna Jónasdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson og Nanna Jónsdóttir, .

**Dagskrá:**

1. **1501011F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 1**
   Fundargerðin lögð fram til kynningar

2. **1501013F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 2**
   Fundargerðin lögð fram til kynningar

3. **1502004F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 3**
   Fundargerðin lögð fram til kynningar

4. **1502007F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 4**
   Fundargerðin lögð fram til kynningar

5. **1503002F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 5**
   Fundargerðin lögð fram til kynningar

6. **1503004F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 6**
   Fundargerðin lögð fram til kynningar

7. **1503006F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 7**
   Fundargerðin lögð fram til kynningar

8. **1503008F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 8**
   Fundargerðin lögð fram til kynningar

9. **1503009F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 9**
Fundargerðin lögð fram til kynningar

10. **1504002F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 10**
Fundargerðin lögð fram til kynningar

11. **1504003F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 11**
Fundargerðin lögð fram til kynningar

12. **1503048 - Áfangaskýrsla um útfærslu verkefna**
Áfangaskýrsla viðræðunefndarinnar lögð fram.

Viðræðunefndin leggur til að haldinn verði sameiginlegur opinn íbúafundur þar sem fram færi kynning á vinnu viðræðunefndarinnar og umræður um útfærslu verkefna. Einnig gæfist þar kostur á að svara þeim spurningum sem helst brenna á íbúum varðandi framtíðarfyrirkomulag hinna sameiginlegu verkefna. Lagt er til að þessi fundur verði haldinn laugardaginn 9 maí n.k. kl 11:00-14:00 í Íþróttamiðstöðinni á Laugalandi. Auk fulltrúa úr viðræðunefndinni verði sérfræðingar KPMG á sviði endurskoðunar og sveitarstjórnarlaga með framsögu.

Jafnframt er lagt til að nefndinni verði falið að starfa áfram. Í næsta áfanga verði farið nákvæmar ofan í kostnað við mismunandi útfærslur auk frekari greininga (t.d. SVÓT). Jafnframt telur nefndin mikilvægt á þessum tímapunkti að kalla að verkinu sérstakan verkefnastjóra. Nefndinni verði falið að tilnefna verkefnisstjóra til verksins og leggja fram kostnaðaráætlun fyrir sveitarstjórnirnar. Stefnt er að því að niðurstöður þessa áfanga liggi fyrir í lok júnímánaðar 2015.

Samráðsnefnd sveitarfélaganna samþykkir ofangreindar tillögur samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30.**

**FUNDARGERÐ**

**3. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps**
**haldinn á Laugalandi, laugardaginn 9. maí 2015**
**og hófst hann kl. ~~14:00~~. 13.30**

**Fundinn sátu:**
Haraldur Eiríksson, Þorgils Torfi Jónsson, Egill Sigurðsson, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Yngvi Karl Jónsson, Elín Grétarsdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Brynja Jóna Jónasdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Sveitarstjórar, Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Sigdís Oddsdóttir var forföllluð. Daníel Gunnarsson ráðgjafi sat fundinn undir lið 1 fyrsta hlutann.

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Samráðsnefnd lýsir yfir ánægju með opinn íbúafund og ágæta umræðu sem þar fór fram.

   Daníel Gunnarsson ráðgjafi skýrði frá sínum sjónarmiðum um áfanga II í verkefninu. Hann er tilbúinn að vinna að verkinu sem verkefnisstjóri út júnímánuð og vinna verkið eins langt og hægt er. Áætlaður kostnaður er 1. milljón króna auk virðisaukaskatts.

   Tillaga samráðsnefndar er að ráða Daníel Gunnarsson sem verkefnisstjóra til júníloka og til að vinna með viðræðunefndinni.

   Samþykkt samhljóða.

2. **1505002F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 12**

   Fundargerð lögð fram til kynningar

3. **1505003F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 13**

   Fundargerð lögð fram til kynningar

Fundargerð yfirlesin og samþykkt

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:10.**

# FUNDARGERÐ

**4. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 10. júní 2015 og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Haraldur Eiríksson, Þorgils Torfi Jónsson, Egill Sigurðsson, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Yngvi Karl Jónsson, Sigdís Oddsdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Brynja Jóna Jónasdóttir og Tyrfingur Sveinsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson/Nanna Jónsdóttir, .

Fundinn sátu einnig Daníel Gunnarsson undir lið 1.1 og Guðmundur Daníelsson undir lið 1.2

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

1.1 Endurskoðun samstarfssamninga sveitarfélaganna.
Daníel Gunnarsson (DG) ráðgjafi og verkefnastjóri í áfanga II sat fundinn undir þessum lið. Hann fór yfir þá vinnu sem hann hefur unnið fram að þessu og kynnti nokkra minnispunkta sína. Hann hefur fyrst og fremst hugað að samstarfi í fræðslumálunum fram til þessa en einnig unnið í málefnum Hjúkrunarheimilisins Lundar.

DG greindi frá því að hann hafi rætt við skólastjórnendur og sveitarstjórnarfólk um þá möguleika sem bent er á í Áfangaskýrslu I, bæði um leiðandi sveitarfélag og mismunandi útfærslur á byggðasamlagi. Fram kom í máli DG að leiðandi sveitarfélag þykir almennt ekki kostur. Ljóst er að hugmyndin um eitt byggðasamlag um fræðslu-, íþrótta- og menningarstarf gengur lengst hugmynda um slíkt rekstrarform. Tillaga DG á fundinum var að það form yrði greint ítarlega og áhersla lögð á að fá fram þau tækifæri og hindranir sem gætu fylgt slíkri leið.

Tillagan borin upp og samþykkt með 10 atkvæðum (YKJ og MHG sátu hjá)

1.2 Samvinna um fjarskiptamál
Guðmundur Daníelsson ráðgjafi sveitarfélaganna beggja í ljósleiðaramálum sat fundinn undir þessum lið. GD skýrði út þá samlegðarmöguleika sem felast í samstarfi sveitarfélaganna í þessum málum.

Fyrir liggja útfærðar tillögur í 8 liðum um samstarf til framtíðar milli Rangárþings ytra og Ásahrepps þar sem leitað er hagkvæmustu lausna við bætt fjarskipti í sveitarfélögunum báðum. Tillaga um að sveitarfélögin gangi

til samninga um slíka útfærslu og sveitarstjórum falið að ganga frá slíku samkomulagi í samráði við ráðgjafa og lögfræðinga sveitarfélaganna.

Samþykkt samhljóða

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:55.**

# FUNDARGERÐ

**5. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 1. september 2015 og hófst hann kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Egill Sigurðsson, Yngvi Karl Jónsson, Elín Grétarsdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Brynja Jóna Jónasdóttir, Anna María Kristjánsdóttir, Heimir Hafsteinsson og Magnús H. Jóhannsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson/Nanna Jónsdóttir, .

Fundinn sat Reynir Daníel Gunnarsson verkefnisstjóri.

**Dagskrá:**

1. **1506009F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 15**

   Fundargerðin lögð fram til kynningar

2. **1508008F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 16**

   Vísað er til umfjöllunar um einstaka liði en fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

   **2.1. 1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   *Samráð um Holtamannaafrétt, þjónustusamningar ofl.*

   2.1 Holtamannaafréttur
   RDG kynnti tillögur að endurskoðun á samvinnu sveitarfélaganna um Holtamannaafrétt. Tillagan gengur út á einföldun á núverandi fyrirkomulagi þannig að áfram starfi hefðbundin Fjallskilanefnd en Samráðsnefnd sveitarfélaganna sjái um önnur sameiginleg málefni sem tilheyra afréttinum.

   2.2 Þjónustusamningar
   Sveitarstjórar kynntu yfirlit um þá samstarfssamninga sem eru í gildi milli sveitarfélaganna og þá þjónustusamninga sem ganga þarf frá um margvísleg verkefni sem ekki hafa verið til formlegir samningar um. Gert er ráð fyrir að þessir samningar liggi fyrir í drögum sem fyrst.

   **2.2. 1508043 - Samþykktir fyrir Lundur byggðasamlag**

   *Tillögur að samþykktum fyrir Lund og skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Lundar*

   RDG kynnti tillögur að samþykktum fyrir Lund bs. og sérstakri skipulagsskrá fyrir s.k. Gjafasjóð Lundar. RDG falið að kynna

tillögurnar, með þeim athugasemdum og ábendingum sem fram komu á fundinum, fyrir stjórn Lundar nú síðar í vikunni.

**2.3. 1506038 - Eitt byggðasamlag um fræðslumál**

*Drög að samþykktum fyrir Odda bs.*

RDG kynnti drög að samþykktum fyrir Byggðasamlag í fræðslumálum. Mikilvægt er að kynna drögin vel og fá um þau frekari umræðu í framhaldinu. Drögin verða kynnt á fræðslunefndarfundi í þessari viku. Ákveðið að viðræðunefnd hittist næsta föstudag og leggi drög að næstu skrefum, tímasetja þarf vinnuna í framhaldinu, kynningar fyrir starfsfólki og íbúum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:55.**

# FUNDARGERÐ

**6. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 27. október 2015 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**
Haraldur Eiríksson aðalmaður, Þorgils Torfi Jónsson aðalmaður, Yngvi Karl Jónsson aðalmaður, Sigdís Oddsdóttir aðalmaður, Karl Ölvisson aðalmaður, Nanna Jónsdóttir aðalmaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir aðalmaður, Brynja Jóna Jónasdóttir aðalmaður, Anna María Kristjánsdóttir varamaður, Tyrfingur Sveinsson varamaður og Ágúst Sigurðsson aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson/Nanna Jónsdóttir, .

Elín Grétarsdóttir boðaði forföll.

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Kynntar voru tillögur að endurskoðuðum samþykktum fyrir byggðasamlögin Húsakynni bs og Vatnsveitu Rangárþigns ytra og Ásahrepps og tillaga um samþykktir fyrir Odda bs. Einnig var kynnt rammasamkomulag sveitarfélaganna.

   Samþykkt samhljóða að kynna tillögurnar á sameiginlegum íbúafundi í Menningarhúsinu á Hellu þann 31. október n.k. kl. 10:00-11:30.

2. **1510063 - Niðurrif gamla leikskólahúss**

   Fyrir liggur ósk frá Eignaumsjón Rangárþings ytra um heimild til að fjarlægja gamla leikskólahúsið Mýrarkot á Laugalandi gegn því að mega hirða og nýta það sem heillegt er af þaki hússins. Öll tilskilin leyfi liggja fyrir.

   Samþykkt samhljóða og samráðsnefnd leggur áherslu á að verkinu verði lokið fyrir vorið 2016.

3. **1509007F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 18**

   Fundargerðin lögð fram til kynningar

4. **1510001F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 19**

   Fundargerðin lögð fram til kynningar

5. **1510002F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 20**

   Fundargerðin lögð fram til kynningar

# FUNDARGERÐ

**7. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 4. nóvember 2015 og hófst hann kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**
Haraldur Eiríksson aðalmaður, Þorgils Torfi Jónsson aðalmaður, Yngvi Karl Jónsson aðalmaður, Sigdís Oddsdóttir aðalmaður, Elín Grétarsdóttir aðalmaður, Karl Ölvisson aðalmaður, Nanna Jónsdóttir aðalmaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir aðalmaður, Ágúst Sigurðsson aðalmaður, Brynja Jóna Jónasdóttir aðalmaður, Anna María Kristjánsdóttir varamaður og Tyrfingur Sveinsson varamaður.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson/Nanna Jónsdóttir, .

**Dagskrá:**

Fundinn sátu einnig undir þessum lið Gísli Gíslason og Ásgeir Jónsson Steinsholti, Ólafur Árnason EFLU, 2 fulltrúar frá Landsneti, Haraldur Birgir Haraldsson skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi Ásahrepps.

**1. 1411001 - Landsnet, Sprengisandslína MÁU, matsáætlum**

Kynnt var matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir Sprengisandslínu.

Auðunn Guðjónsson endurskoðandi sveitarfélaganna sat fundinn undir þessum lið.

**2. 1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

Vel heppnaður íbúafundur var haldinn þann 31. október s.l. þar sem kynntar voru tillögur að Rammasamkomulagi um samstarf sveitarfélaganna, endurskoðuðum samþykktum Húsakynna bs og Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs og samþykktir fyrir nýtt byggðasamlag Odda bs (byggðasamlag um fræðslumál). Þokkalega var mætt á íbúafund og góðar umræður. Samráðsnefnd telur að texti fyrir Rammasamkomulag og samþykktir fyrir byggðasamlögin sé nú tilbúinn fyrir fyrri umræðu í sveitarstjórnum. Vinna þarf meira í þjónustusamningum sem fylgja sem viðaukar þannig að þeir geti komið til afgreiðslu samhliða fyrrgreindum tillögum á fundi sveitarstjórna í desember n.k.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:05.**